




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 16. október 2017
SFS2017030073
2.8.0

Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd



Efni: Árlegur styrkur til ungmennaráða

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. mars 2017, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um árlegan styrk til ungmennaráða. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. október 2017, varðandi tillöguna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Elínborgar Unu Einarsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur úthluti árlegum styrk frá og með næsta fjárhagsári til allra ungmennaráða sem nýtist ungmennum á einn eða annan hátt í viðkomandi hverfi.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar skóla- og frístundasviðs 2018.

Elínborg Una Einarsdóttir, Helena Sif Gunnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva þakkar fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts fyrir góða tillögu og tekur undir með fulltrúanum um að styrkveiting í þeirra umsjón sé til þess fallin að valdefla ungmenni og auka gagnsæi á því fé sem til ungmenna er veitt. Tillagan er einnig í takt við nýja samþykktu frístundstefnu Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Greinargerð, dags. 3. október 2017



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 3. október 2017

SFS2017030073

126. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Árlegur styrkur til ungmennaráða

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 28. febrúar 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga Elínborgar Unu Einarsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið úthluti árlegum styrk frá og með næsta fjárhagsári til allra ungmennaráða sem nýtist ungmennum á einn eða annan hátt.

Í greinargerð með tillögunni er lögð áhersla á að með föstu fjármagni eykst valdefling ungmennaráðanna, þau losni við óþarfa milliliði og flýti fyrir framkvæmd verkefna. Í Svíþjóð og Finnlandi fá ungmennaráð árlegan styrk frá sveitarfélögum og ríki. Fram kemur að það er mikilvægt að ungmenni finni að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt og að þeim sé treyst til að framkvæma verkefni með hag ungmenna í borginni að leiðarljósi.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur fjallað um tillöguna og leggur til að ungmennaráð í Reykjavík fái styrki sem deilist hlutfallslega niður á ungmennaráðin eftir fjölda 13-18 ára ungmenna í viðkomandi hverfi/borgarhluta. Mikilvægt er að skilgreindir verði verkferlar og umsóknarferli varðandi þetta fjármagn og lagt til að óskað verði eftir því að Reykjavíkurráð ungmenna komi með tillögu að vinnulagi við úthlutun styrkjanna. Ungmennaráð í hverju hverfi mun bera ábyrgð á úthlutun fjármagns í eigin hverfi í samráði við viðkomandi frístundamiðstöð. Lagt er til að verkefnið verði tilraunaverkefni til eins árs og í kjölfarið verði það metið og tekin ákvörðun um hvort framhald verði á. Tillagan verði samþykkt með fyrirvara um samþykki fáist í fjárhagsáætlun fyrir tilfallandi kostnaði.